HÖFÐI FASTEIGNASALA
Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík
Sími 533 6050
Faxnr. 533 6055
www.hofdi.is

Runólfur Gunnlaugsson
Lögg.fast.

Ásmundur Skeggjason
Lögg.fast.

Brynjar Baldursson
Sölufulltrúi

Jóhann Friðgeir Valdimarsson
Sölufulltrúi

Kristinn Tómasson
Lögg.fast.

Fyrir fólk á fasteignamarkaði

12. tölublað
7. árgangur

VESTURLAND

— 25. OKTÓBER 2018 —

Örvar Már Marteinsson skipstjóri og formaður Snæfells:

„Veiðigjöldin eru að sliga menn“

Örvar Már Marteinsson skipstjóri í Snæfellsbæ hampar hér nýveiddum golþorski sem hann hefur dregið úr Breiðafirði. Örvar er nýkjörinn varaformaður Landssambands smábátaeigenda. Hann er jafnframt formaður stærsta einstaka smábátaeigendafélags landsins. Það er Snæfell. Innan vébanda þess eru 120 bátar sem gerðir eru út frá Snæfellsnesi og Dalabyggð. Vesturland birtir opnuviðtal við Örvar Má þar sem rætt er það helsta sem brennur nú á eigendum minni útgerða á Vesturlandi.

Laxveiðin stöðug

MISJÖFN ÍBÚAFJÖLGUN

Meistarinn Mats

VALHÖLL FASTEIGNASALA
Síðan 1995
Allir þurfa þak yfir höfuðið

Ingólfur Geir Gissurarson
Framkvæmdastjóri
Lögg.fasteignasali og leigumiðlari
896 5222

Heiðar Friðjónsson
Sölustjóri
Löggiltur fasteignasali B.Sc
693 3356

Margrét Sigurgeirsdóttir
Skrifstofustjóri
margret@valholl.is
588 4477

Úlfar Freyr Jóhansson
Lögfræðingur Hdl.
Lögg. fasteignasali.
Skjalavinnsla
692 6906

Herdís Valb. Hölludóttir
Lögfræðingur
og lögg.fasteignasali
694 6166

Pétur Steinar Jóhannsson
Aðstoðarm. fasteignasala
Snæfellsnesi
893 4718

Sturla Pétursson
Löggiltur fasteignasali
899 9083

Anna F. Gunnarsdóttir
Löggiltur fasteignasali
892-8778

Snorri Snorrason
Löggiltur fasteignasali
Útibú Höfn Hornafirði
895-2115

588 4477

Fagleg þjónusta -
Vönduð vinnubrögð

FÉLAG FASTEIGNASALA
2015 2017 Framúrskarandi fyrirtæki

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!

Hlutfallsleg fjölgun mest í Kjósinni

Brekkusöngur á síðsumarskvöldi við Kaffi Kjós.

Sveitarfélög á stærstum hluta útbreiðslusvæðis blaðsins Vesturlands héldu samanlagt í við hlutfallslega íbúafjölgun í landinu þegar bornar eru saman mannfjöldatölur um mitt ár 2017 við miðbik þessa árs. Samanburðinn má skoða í meðfylgjandi töflu.

Dalabyggð er eina sveitarfélagið þar sem íbúum fækkaði. Þar nam fækkunin þremur prósentum. Mest hlutfallsleg íbúafjölgun varð í Kjósarhreppi (4,5 prósent). Íbúafjölgun í Akranesbæ, Borgarbyggð og Stykkishólmi hélst í öllum tilvikum lítillega yfir heildar hlutfallsfjölgun yfir landið allt. Annars staðar reyndist hún undir landsfjölguninni eða stóð í stað.

Íbúafjöldaþróunin varð með öðrum hætti í Reykjanesbæ og Árborg (Selfossi). Í fyrrnefnda bæjarfélaginu fjölgaði íbúum um sjö prósent milli loka 2. ársfjórðungs 2017 og 2. ársfjórðungs 2018 (úr 17.300 í 18.510). Í Árborg varð fjölgunin 6,7 prósent og fór þannig úr 8.650 í 9.230 manns.

Tölurnar eru fengnar af vef Hagstofunnar. Hér skal tekið fram að tölur eru ekki aðgengilegar yfir breytingar íbúafjölda á Kjalarnesi og í dreifbýlishluta Mosfellsbæjar en þangað berst blaðið Vesturland einnig í öll íbúðarhús og á vinnustaði.

Sveitarfélag	Í lok 2. ársfj. 2017	Í lok 2. ársfj. 2018	Breyting (%)
Dalabyggð	680	660	-3
Stykkishólmur	1.160	1.200	+3,4
Helgafellssveit	60	60	0
Grundarfjörður	880	880	0
Snæfellsbær	1.640	1.670	+1,8
Eyja- og Miklaholtshr.	130	130	0
Borgarbyggð	3.680	3.800	+3,3
Skorradalshreppur	60	60	0
Hvalfjarðarsveit	660	670	+1,5
Kjósarhreppur	220	230	+4,5
Akranes	7.120	7.360	+3,4
Alls	**16.290**	**16.720**	**+2,6**
Landið allt	**343.960**	**353.070**	**+2,6**

Samgönguáætlun 2019–2023

Sigurður Ingi Jóhannsson hefur fyrir hönd ríkisstjórarinnar mælt fyrir nýrri samgönguáætlun á Alþingi. Hún á að gilda fyrir næstu fimm árin.
Varðandi vegaframkvæmdir þá er þar lagt til að hafnar verði framkvæmdir við gerð svokallaðs 2+1 vegar á Kjalarnesi árið 2019. Í það færu þá 3,2 milljarðar frá og með næsta ári til 2022. Hámarki næðu framkvæmdir þar 2021 en þá yrði 1.440 milljónum varið til verksins.

Unnið verði að undirbúningi tvöföldunar Hvalfjarðarganga með það markmið að hefja það verk í lok tímabilsins. Einnig er gert ráð fyrir fjárveitingu til að ljúka við veginn um Fróðárheiði á Snæfellsnesi. Það yrðu 250 milljónir á næsta ári.
Engin fjárveiting er sett í Sundabraut „en verið er að skoða kosti þess að gerð og rekstur Sundabrautar verið samstarfsverkefni ríkis og einkaaðila. Umtalsvert fé þarf til að viðhalda og byggja upp samgöngukerfi

landsins á næst árum og því rétt að huga að aðkomku einkaaðila í samstarfi við opinbera aðila að stærri framkvæmdum," segir um Sundabraut í samgönguáætluninni.

Trésmiðir
- frábært tækifæri -

Til sölu er fyrirtækið TV verk ehf. á Tálknafirði.
Fyrirtækið er vel búið og selst með tækjum, lager og því sem þarf til rekstursins.
Selst á mjög góðu verði.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sigurjónsson í síma 894-2313 og í tölvupóst: tvverk@simnet.is

Járnabakkar
Járnabindingavörur

Erum með á lager
allar helstu gerðir af járnabökkum

- Bindivír 1 mm U hankir og rúllur 1.4 mm
- Fjarlægðarstjörnur og steinar 20-50 mm
- Plastlistar á undirslegnar plötur, einnig harðir
- U listar á ull eða plasteinangrun
- Járnstólalengjur, sterkir og góðir stólar frá 50 mm
- Mótarör og kónar 10–50 mm
- Öryggishlífar á kambstál, listar og sveppir

Vír og lykkjur ehf
www.viroglykkjur.is - viroglykkjur@internet.is
772-3200/692-8027

SENDUM FRÍTT ÚT Á LAND!

hjá Hrafnhildi

Engjateigi 5 // 581 2141 // hjahrafnhildi.is

SKESSUHORN 2018

Mats Wibe Lund sýnir myndir og minningar

Mats með blómvönd frá ungum aðdáanda.

Vesturland er einstakur hluti af Íslandi. Ef þú ferð frá Þingvöllum, um Kaldadalinn framhjá jöklunum og niður í Húsafell og svo áfram um sveitir Borgarfjarðar út á Snæfellsnes, þá ertu kominn með þverskurðinn af Íslandi. Þá ertu búinn að sjá allt það besta sem Ísland hefur upp á að bjóða. Síðan ferðu hringinn um Snæfellsnesið og þá sérðu fiskiþorpin og allt sem þar er. Eftir slíka ferð, þennan hring, ertu búinn að sjá allt Ísland ef svo má segja.“

Það er Friðjófur Helgason ljósmyndari sem mælir þessi orð. Mats Wibe Lund kollegi Friðþjóðs stendur við hlið hans og hlustar af athygli. Hann er sammála Friðþjófi. „Þetta er besta stuttferðin um landið,“ segir Mats og leggur áherslu á orð sín. „Alveg tvímælalaust,“ bætir Friðþjófur við.

Langur og merkur ferill

Þessir tveir af okkar reyndustu og bestu ljósmyndurum af íslenskri náttúru og mannlífi eru sammála um það að Vesturland er landshlutinn sem geymir Ísland í hnotskurn. Báðir eiga sterk tengsl við Vesturland. Þar hafa þeir tekið margar af sínum bestu ljósmyndum. Eftir áratuga starf gjörþekkja þeir landshlutann.

Við erum á ljósmyndasýningu sem Mats Wibe Lund heldur þessa dagana í Norræna húsinu. Það er vel við hæfi. Mats er Norðmaðurinn sem varð Íslendingur. Hann kynntist Íslandi ungur. Mats kom hingað fyrst fyrir rúmum sex áratugum síðan – 1954 – og varð heillaður af landi og þjóð. Það var þó heima í Ósló að hann kynntist konunni sem varð stóra ástin í lífi hans og lífsförunautur. Hún var íslenskur hjúkrunarfræðinemi í Noregi. Þau gengu í hjónaband 1964 og fluttu svo heim til Íslands 1966. Hér bjuggu þau alla tíð síðan og eignuðust börn og buru. Mats Wibe Lund haslaði sér völl sem einn af þekktustu ljósmyndurum Íslands. Arndís Ellertsdóttir lést 2015 eftir snarpa baráttu við krabbamein. Nú býr Mats einn, rúmlega áttræður að aldri, en hvergi hættur enn.

Fangaði fegurð og fróðleik

Samhliða sýningunni í Norræna húsinu sendir Mats nú frá sér æviminningar sínar á bók sem ber titilinn „Frjáls eins og fuglinn.“ Hún er stórskemmtileg, prýdd fjölda frábærra ljósmynda höfundarins. Þetta er þó aðeins dropi af þeim geysimikla fjársjóð sem Mats Wibe Lund hefur skapað á ferli sínum. Mats hefur ekki einungis tekið

Friðþjófur Helgason og Mats Wibe Lund ræða ljósmyndun á sýningu Mats í Norræna húsinu. Milli þeirra er ein af uppáhalds myndum meistarans. Það er ljósmynd sem Mats tók úr lofti af Vallabjargi í Fróðárhreppi hinum forna, rétt innan við Ólafsvík og sér til Jökulsins.

hafsjó af fallegum ljósmyndum af íslensku landslagi og náttúru sem hafa farið víða um heim í áratuganna rás og orðið ómetanleg landkynning.

Ljósmyndir Mats Wibe Lund eru sömuleiðis hafsjór fróðleiks og heimilda. Oftar en ekki eru þetta myndir teknar úr lofti, úr þyrlum og flugvélum. Hann myndaði náttúru, mannvirki og fólk. Bæjarfélög og bújarðir. „Ég hef tekið myndir af nær öllum jörðum á Íslandi,“ segir Mats.

Verkin finnast víða

Myndir hans finnast í dag á fjölmörgum sveitaheimilum, hjá fyrirtækjum, stofnunum og eflaust á öllum sveitarstjórnarskrifstofum landsins. Hann hafði þann hátt á að taka myndir, stækka þær, setja í ramma og fara síðan í söluferðir um landið. Hann bankaði upp á bæjum og bauð fólki að kaupa.

Sjálfsævisaga Mats geymir einmitt margar frásagnir af ljósmynda- og söluferðum, meðal annars um Snæfellsnes. Þar komst hann eitt sinn næst því að farast við störf þegar ljósmyndaflugvélin hans var nær brotlent í miklu niðurstreymi.

Mats hefur frá mörgu að segja. Íslenska þjóðin stendur í djúpri þakkarskuld við Mats Wibe Lund.

Stólpi Gámar
fyrir atvinnulífið

Stólpi Gámar bjóða gámalausnir fyrir atvinnulífið – til leigu eða sölu

- þurrgáma
- hitastýrða gáma
- geymslugáma
- einangraða gáma
- fleti og tankgáma
- gáma með hliðaropnun

Einnig gámahús og salernishús frá **Containex**, færanlega starfsmannaðstöðu frá **EuroWagon.dk**, gámar og vöruskemmur frá **BOS** og vörulyftur frá **ATN** og **Maber**

Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Stólpi Gámar
Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík | Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði

LEIÐARI

Hvar er Sundabrautin?

Þegar nýjustu tölur um íbúafjölgun á Vesturlandi eru skoðaðar (sjá frétt á bls. 2) þá er augljóst það sem maður hefur svo sem bæði skynjað og vitað. Mannfjöldaþróun á Vesturlandi gerir ekki nema rétt að halda í við fólksfjölgun í landinu.

Kjósarhreppur sem er sunnan Hvalfjarðar hefur vinninginn en þess ber þó að geta að það er fámennt sveitarfélag. Tíu manna aukning þar gefur útslag upp á 4,5 prósent fjölgun. En stærri sveitarfélög svo sem Akranes, Borgarbyggð og Stykkishólmur héngu rétt yfir landsfjölguninni í þeim samanburði sem gerður er hér á síðu 2. Verra er að svo annars staðar. Í Dalabyggð er það áhyggjuefni að íbúum þar fækkar um 3 prósent á meðan landsmönnum fjölgar um 2,6 prósent.

Þegar þetta er borið saman við stór sveitarfélög í öðrum landshlutum í grennd við höfuðborgarsvæðið (Reykjanesbæ og Selfoss) þá sést að þar fjölgaði á báðum stöðum um 7 prósent frá miðju ári 2017 til júníloka í sumar.

Augljóst er að sveitarfélögum á Vesturlandi hefur ekki tekist að nýta sóknarfærin sem felast í því að fólk hefur í auknum mæli verið að velja sér búsetu í nágrannasveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins.

Sjálfsagt eru margar ástæður fyrir þessu sem of langt mál yrði að telja hér.Sjálfur horfi ég oft til samganga í þessum efnum. Kannski hafði gjaldið í Hvalfjarðargögnin einhver áhrif en nú heyrir sá skattur sögunni til. Það er þó ekki fyrr búið að afleggja hann en stjórnvöld fara að tala um að tvöfalda göngin og taka veggjöldin upp að nýju. Vesturlandsvegur er svo eins hann er. Tvíbreiður í slæmu standi á meðan búið er að gera miklar vegabætur bæði á Reykjanesi og yfir Hellisheiði. Nú stendur sem betur fer til að koma Vesturlandsvegi á Kjalarnesi í skikkanlegt horf (2+1).

Síðan er það Sundabrautin. Seinagangurinn og dáðleysið við hana er manni hulin ráðgáta. Áhugafólk um samgöngubætur milli Vesturlands og höfuðborgarsvæðisins ætti að fá sér göngutúr upp á toppinn á Geldinganesi norðan við Grafarvog í Reykjavík og horfa þaðan yfir sundin bæði til norður og suðurs. Þaðan sést vel hve átakanlega stutt er yfir eða undir þessi sund þegar Sundabrautin lægi yfir Geldinganesið. Kjörnir sveitarstjórnarfulltrúar í Reykjavík og á Vesturlandi, þingmenn og ráðherrar ættu sömuleiðis að drífa sig hið fyrsta í slíka vettvangsferð.

Sundabrautin verður að koma sem fyrst ef Vesturland á að halda sínum hlut í eðlilegri byggðaþróun. Hún á að hafa forgang fram yfir tvöföldun á Hvalfjarðargöngum. Sundabraut mætti gjarnan bera hófleg veggjöld, yrði það til að flýta framkvæmdum, enda mikill sparnaður á tíma og peningum fólginn í því að losna við að fara um Kollafjörð og Mosfellsbæ.

Magnús Þór Hafsteinsson, ritstjóri.

12. tölublað, 7. árgangur

Útgefandi: Fótspor ehf., Suðurlandsbraut 54 , 103 Rvk. **Ábyrgðarmaður:** Ámundi Ámundason. **Auglýsingastjóri:** Ámundi Ámundason sími 824-2466, netfang, amundi@fotspor.is. **Auglýsingar:** Sími: 578-1190 & netfang: auglysingar@fotspor.is. **Ritstjóri:** Magnús Þór Hafsteinsson. Sími: 864 5585 **Netfang:** magnushafsteins@simnet.is. Efni blaðsins er skrifað af ritstjóra nema annað komi fram. **Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja. **Dreifing:** Íslandspóstur. **Vefútgáfa PDF:** www. fotspor.is.

Fríblaðinu er dreift í 7.000 eintökum á öll heimili og í fyrirtæki á Kjalarnesi, í Kjós, Akranesi, Hvalfjarðarsveit, Borgarbyggð, Snæfellsnesi og í Dölum. Blaðið liggur einnig frammi á helstu þéttbýlisstöðum á svæðinu.

LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

FRÁBÆRT ÚRVAL AF RÚMUM,
SÓFUM OG HVÍLDARSTÓLUM

Dunlopillo
NATURA

RICCARDO rafstillanlegur tungusófi

Brunstad hvíldarstóll

ISABELLA hægindasófi.
Sjá nánar á lur.is



JACOB stóll frá Calia Italia

SITTING VISION
hvíldarstólar

ERMES hægindasófi. Sjá nánar á lur.is

GRACE hægindastóll

ORACOL tungusófi

RÚM • SÓFAR • HVÍLDARSTÓLAR • HEILSUKODDAR • LJÓS • HÚSGÖGN • GJAFAVÖRUR • BORÐ • SÆNGUR

VERIÐ VELKOMIN Í HEIMSÓKN

SUÐURLANDSBRAUT 24, 108 REYKJAVÍK
Opið alla virka daga 10-18. Lau. 11-16

554 6969 | lur@lur.is | www.lur.is

LÚR
BETRI HVÍLD

STEFNIR Í NIÐURSKURÐ Á MAKRÍL

Alþjóða hafrannsóknaráðið hefur gefið út ráðgjöf sína um heildarveiði úr stofnum makríls og kolmunna í norðaustanverðu Atlantshafi.

Hljóðar hún upp á að ekki verði veitt meira en 318 þúsund tonn af makríl. Það yrði þá 42% niðurskurður á aflaheimildum frá yfirstandandi ári.

Einnig er ráðlagt að dregið verði úr veiðum á kolmunna. Fyrir þetta ár hljóðaði ráðgjöfin upp á 1,39 milljón tonna heildar veiði en á næsta ári er ráðlagt að veiðin fari ekki yfir 1,19 milljón tonna.

Ljóst er að tæplega helmings niðurskurður á makrílveiðum mun verða þungt högg fyrir útgerðir og uppsjávarvinnslur bæði á Íslandi og í nágrannalöndunum. Norskir fiskifræðingar hafa lýst því yfir að allar vísbendingar sýni að markílstofninn fari nú minnkandi en deilt er um áreiðanleika þeirra mælinga sem liggja til grundvallar ráðgjöf Alþjóða hafrannsóknaráðsins.

Nokkrir smábátar hafa stundað makrílveiðar frá Vesturlandi á undanförnum árum. Á nýliðnu sumri voru fjórir slíkir meðal þeirra tíu aflahæstu yfir landið. Með þessari frétt fylgja glærur sem Örn Pálsson framkvæmdastjóri Landssambands smábátaeigenda sýndi þegar hann flutti ræðu sína við setningu 34. aðalfundar samtakanna í Reykjavík í síðustu viku. Þar sýndi Örn fram á að dregið hefur úr afla og aflahlutdeild smábáta í makríl. Í ár veiddu smábátarnir alls 3.751 tonn af makríl og nam aflaverðmæti þess um 250 milljónum króna.

Makrílveiðarnar eru að færast fjær landinu. Í sumar varð alger viðsnúningur þegar ríflega helmingur makrílsafla Íslendinga veiddur utan landhelginnar á alþjóðlegum hafsvæðum (svokölluðum NEAFC-svæðum). Örn sagði í ræðu sinni að nú ættu stjórnvöld skilyrðislaust að gefa makrílveiðar smábáta frjálsar. „Sífellt meira af makrílnum veiðist utan lögsögu og eigum við því að efla færaveiðar við strendur landsins eins mikið og hægt er," sagði Örn Pálsson.

Makrílafli smábáta 2018

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

1.	2739	Siggi Bessa SF 97	213.464 Kg
2.	1516	Fjóla GK 121	212.929 Kg
3.	2586	Júlli Páls SH 712	197.403 Kg
4.	2806	Herja ST 166	180.075 Kg
5.	1986	Ísak AK 67	179.271 Kg
6.	2763	Brynja SH 236	170.692 Kg
7.	2106	Addi afi GK 97	160.755 Kg
8.	2800	Tryggvi Eðvarðs SH 2	159.348 Kg
9.	1887	Máni II ÁR 7	150.708 Kg
10.	2256	Guðrún Petrína GK 107	131.693 Kg

Makrílafli smábáta og stærri skipa 2010 - 2018

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

MAKRÍLL	LEYFILEGUR AFLI	AFLI Í LÖGSÖGU	AFLI Á NEAFC	AFLI ALLS
2014	154.100	157.490	3.314	160.804
2015	179.833	148.280	19.507	167.787
2016	167.767	152.849	11.403	164.252
2017	176.192	105.253	58.668	163.921
2018	146.155	61.855	74.697	136.552
2014-2018	824.047	625.727	167.589	793.316

Makrílafli smábáta og stærri skipa 2010 - 2018

LANDSSAMBAND smábátaeigenda

	SMÁBÁTAR	FJÖLDI	HEILDAR-AFLI	HLUTUR SMÁBÁTA
2010	180 Tonn	11	120.853	0,1%
2011	304 Tonn	21	153.359	0,2%
2012	1.099 Tonn	17	145.894	0,8%
2013	4.678 Tonn	98	137.631	3,4%
2014	7.466 Tonn	121	153.042	4,9%
2015	3.299 Tonn	57	147.000	2,2%
2016	8.368 Tonn	51	155.655	5,4%
2017	4.800 Tonn	54	159.141	3,0%
2018	3.751 Tonn	48	129.579	2,8%

NÝ KYNSLÓÐ
skotbómulyftara

MANITOU HANDLING YOUR WORLD

HANNAÐUR TIL AÐ
VINNA VERKIN

AG línan frá Manitou býður meðal annars upp á nýtt ökumannshús með góðu aðgengi og útsýni.

- Meira útsýni
- Þægilegra innstig
- DSB stjórntakkar
- JSM stýripinni í fjaðrandi armi
- Stýrð stjórnun og hraði á öllum glussahreyfingum
- Virk dempun á bómu
- Hnappur sem losar glussaþrýsting á tengjum
- Og margt fleira

Góð viðgerða- og varahlutaþjónusta

Manitou er þarfasti þjónninn í dag

til lands og sveita

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | **pon.is**

PON Síðan 1962

Svipuð laxveiði í ár og í fyrra

Laxveiðimenn við íslenska á.

Alls veiddust 46 þúsund laxar í íslenskum laxveiðiám á liðnu sumri. Það var aðeins minni heildarveiði en sumarið 2017, en þó yfir meðalveiði síðastliðinni 44 ára. Veiðin jókst í öllum landshlutum nú í sumar samanborið við sumarið fyrr, að undanskildu Norðurlandi.

Hafrannsóknastofnun upplýsir að laxveiðin í sumar varð í heildina um níu prósentum yfir langtímameðaltali áranna 1974–2017. Um 650 færri laxar veiddust í sumar heldur en drógust að bökkum sumarið 2017.

Veiði í ám á Vesturlandi var ívið meiri en árið 2017. Hins vegar dróst laxveiðin saman norðan heiða, bæði á Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra. Heilt yfir landið þótti laxveiðin í sumar fremur jöfn yfir veiðitímann. Aðstæður til veiða voru almennt góðar.



Stangveiði í íslenskum ám frá 1974 - 2018. Veiðinni er skipt í landaðan afla (blátt), veitt og sleppt (grænt) og veiði úr sleppingum gönguseiða (rautt). Tölur frá 2018 eru bráðabirgðatölur.



Stangveiði á laxi í ám á Vesturlandi sumrin 1989-2018.

Gæðakerrur fyrir öll tækifæri

- mikið úrval aukahluta

Garð- og tómstundakerrur

Kerrur með frábæra aksturseiginleika sem auðvelt er að geyma uppá enda.
Góð burðargeta og frábært úrval aukahluta til að auka notkunarmögleika kerrunnar.

Sterkar iðnaðarkerrur

Sérstaklega öflugar og endingargóðar kerrur. Fáanlegar úr stáli eða áli og með mismunandi pallastærðir.

Flestar gerðir eru með:
- Lokuð hólf undir pallinum
- Verkfærakassa á dráttarbeislinu
- Rúma tvö samhliða Euro-bretti
- Hægt að nota sem flatvagn

Innbyggð geymsluhólf


Innfelldar krækjur

Fjöldi botnstífa

Aðeins 12° halli

Tækjakerrur

- Sterkbyggðar kerrur með sturtueiginleika
- Aðeins 12° halli þegar keyrt er uppá pallinn
- Lágur þyngdarpunktur

Burðargeta allt að 2.835 kg.

Söluaðilar

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

KRAFTVÉLAR
Dalvegur 6-8
201 Kópavogur
Sími 535-3500

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

Örvar stígur upp og leggur fram fyrirspurn til sjávarútvegsráðherra á aðalfundi Landssambands smábátaeigenda í síðustu viku.

Örvar Már Marteinsson formaður Snæfells – félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi:

„Menn eru að kikna undan veiðigjöldunum“

Örvar Már Marteinsson hampar vænum línuveiddum þorskfiski um borð í bát sínum Sverri SH á miðunum úti á Breiðafirði.

Fyrir rétt rúmu ári síðan var Örvar Már Marteinsson skipstjóri í Snæfellsbæ kjörinn formaður Snæfells – félags smábátaeigenda á Snæfellsnesi. Þetta er stærsta félag af slíku tagi á landinu. Alls eru 120 bátar innan vébanda þess. Þetta eru útgerðir á gervöllu Snæfellsnesi og í Dalabyggð. Í síðustu viku hlaut Örvar síðan einróma kjör sem nýr varaformaður Landssambands smábátaeigenda á aðalfundi samtakanna sem haldinn var í Reykjavík.

Sjálfur er Örvar þrautreyndur sjómaður frá blautu barnsbeini. Undanfarin ár hefur hann stýrt línubátnum Sverri SH sem gerður er út frá Snæfellsbæ. „Það er búið að vera ósköp hefðbundið fiskirí hjá línubátum sem róa frá Snæfellsbæ núna í haust. Kannski þó heldur skárra en í fyrra. Fiskurinn er líka vænni, það er auðveldara nú að ná í stærri fisk en var á síðasta ári. Þorskurinn hefur nóg að éta. Nú þegar haustar ætti síld að vera farið að drepast niður en við höfum verið að fá sandsíli uppúr honum við lænurnar rétt norðan við miðjan Breiðafjörð þar sem höfum verið að sækja. Svo er mikið af síld í álkantinum út af Ólafsvík,“ svarar Örvar. Hann bætir svo við til áherslu: „Já, hann er í nógu æti.“

Róa með færi og línu

Útgerðarmynstrið er hefðbundið fyrir svokallaða krókabáta sem veiða með handfærum og línu.

„Við vorum á handfæraveiðum í Breiðafirði í sumar en þó ekki í strandveiðum. Við veiddum úr kvóta og lágum yfirleitt úti yfir nótt þannig að hver veiðiferð varð um tveir dagar. Með því að vera úti yfir nótt spörum við okkur um 70 sjómílna siglingu út á miðin og aftur í land en það hefðum við orðið að gera á strandveiðum. Hver veiðiferð í því kerfi má bara vara í 14 tíma alls,“ segir Örvar.

Á haustin, yfir vetrartímann og á vorin er síðan róið með línu sem beitt er í landi. Sverrir SH er eingöngu gerður út frá Ólafsvíkurhöfn. „Við höfum ekkert átt við það að fara norður í land og róa þaðan eins og sumir línubátar héðan af Snæfellsnesi hafa gert. Því fylgir svo svakalegur kostnaður að flytja bjóðin þangað með línunni og sækja þau aftur. Við erum tveir á bátnum og róum yfirleitt með 36 bala ef veður leyfir. Annars förum við niður í 18 bala ef við erum að skjótast út í styttri veiðiferðir.“

Veiðigjöld og svæðalokanir

Sem formaður smábátafélagsins Snæfells er Örvar nú fremsti talsmaður hagsmuna útgerða minni fiskibáta á Snæfellsnesi. Þessir bátar í félagi hans eru sem fyrr greinir alls 120 talsins. Vart þarf að geta þess að þessi hluti útvegsins skiptir mjög miklu fyrir atvinnulífið á svæðinu. Hvað liggur smábátaeigendum þarna helst á hjarta nú um stundir?

„Veiðigjöld og svæðalokanir,“ svara Örvar Marteinsson án hiks. Varðandi það síðarnefnda segir Örvar að menn beri mikinn kvíðboga fyrir skýrslu sem sjávarútvegsráðherra fékk nýverið í hendurnar frá starfshóp um endurskoðun á reglum um veiðarfæranotkun og svæðalokanir á Íslandsmiðum.

„Við höfum áhyggjur af því að stjórnvöld muni leyfa stærri togurum að stunda veiðar inni á Breiðafirði. Nóg er nú samt hvað snýr að togurum. Þeir fá þegar í dag að toga allt að fjórum sjómílum að Skor utanvert við norðanverðan Breiðafjörð. Þetta gildir um togara að ákveðinni stærð. Nú er talað um að rýmka þessi stærðarmörk og hleypa ennþá stærri togurum þarna inn. Á sama tíma megum við ekki leggja línu þarna, þar sem þeir mega toga fram og til baka í þessu svokallaða reglugerðarhólfi sem hefur verið í gildi til fjölda ára. Þetta er svona þrátt fyrir að gögn Hafrannsóknastofnunar sýni að línubátar eru að veiða fisk af sömu stærðum og togararnir.“

Togarar sækja á smábátamið

Örvar segir að ekki sé nóg með að stefni í að togararnir fái aukið frelsi til athafna inni á Breiðafirði.

„Við óttumst líka frekari svæðalokanir gagnvart handfæraveiðum. Við hjálpuðum þessum starfshópi að teikna upp lokanir gagnvart línuveiðum en þeir tóku það svo og lögðu til jafns að slíkt yrði bæði fyrir handfæri og línu. Það eru stórhættulegar tillögur. Þarna er verið að tala um hrikalegar breytingar á handfæraveiðum í Breiðafirði og Faxaflóa. Þetta er alveg galið.“

Örvar útskýrir að ástæðan fyrir þessum tillögum séu þær að þarna hafa verið tíðar skyndilokanir. „Starfshópurinn segist vilja draga úr skyndilokunum með því að hækka prósentuna sem við megum hafa af smáfiski í aflanum án þess að komi til lokunar. Á móti kemur svo að þeir vilja loka svæðum algerlega hluta úr ári þar sem smáfiskurinn á þá að fá að vera í friði. Þetta er allt gott og blessað í sambandi við línuna. En við höfnum öllum svona hugmyndum varðandi handfærin. Eðli þeirra veiðarfæra er allt annað heldur en línunnar. Ef maður lendir í smáfiski á handfærum er hægur leikur að taka færin upp, hætta veiðum og sigla annað í leit að vænni fiski. Með línuna gildir hins vegar það að hún liggur í sjó og verður að draga hana alla upp áður en hægt er að flytjast um set á aðra veiðislóð. Fyrir utan þetta þá er síðan enginn stór skaði þó handfærabátar dragi einhverja smáfiska úr sjó. Það verður aldrei slíkur fiskafjöldi að slíkt skipti máli.“

Afkoman hefur versnað

Annað sem Örvar nefndi að hvíli á útgerðum smábáta á Snæfellsnesi og sjálfsagt víðar um Vesturland eru veiðigjöldin. Þar talar Örvar hreint út fyrir hönd smábátaeigenda. „Menn eru að kikna undan veiðigjöldunum.“

Formaður Snæfells útskýrir þetta nánar. „Talandi um línuútgerð sem ég þekki best til þá bætast þessi veiðigjöld nú ofan á öll önnur útgjöld á tímum þrenginga. Fiskverð hafa verið lélegt og útgerðin dýr. Við vonumst reyndar til að verðin fari batnaði. Þau hafa verið þokkaleg á þorski undanfarið en ýsuverðin hundléleg. Það varð kvótaaukning í ýsunni núna en ég er ekkert viss um að það muni skila meiri heildarverðmætum því verðin eru svo lág. Það má þakka fyrir ef það fást 240 krónur fyrir kílóið af ýsu. Ég veit að fyrir norðan hafa þeir verið að fá allt niður í 30 til 90 krónur fyrir fullt af ýsu sem þeir hafa dregið úr sjó.“

Örvar brosir dauflega í kampinn þegar hann er spurður að því hvað valdi þessum lágu verðum á ýsunni. Hann segist ekki kunna aðra skýringu en þá að framboð á ýsu hafi aukist svo mikið í kjölfar kvótaaukningar í haust. „Mér finnst þó undarlegt að nú þegar gengi krónunnar hefur verið að síga, að ýsan skuli ekki hafa hækkað í verðum.“

Menn eru orðnir langþreyttir

Örvar nefnir einnig að býsna margir smátar gerðir út frá Snæfellsnesi séu með aflaheimildir í steinbít. „Síðastliðið vor vorum við að veiða han á 70 til 75 krónur kílóið á línuna. Af því þurftum við að borga 15 krónur fyrir kílóið í slægingu, hafnargjöld og uppboðskostnað 5 til 6 krónur og auðlindagjald 11 krónur. Þannig voru um 40 krónur á hvert kíló eftir þegar kom til þess að borga áhöfn og beitingarfólki laun, annan kostnað við beitningu og olíukostnað fyrir 80 sjómílna siglingu í hverjum róðri. Það var ekki mikið vit í að veiða steinbít í vor þó menn hafi barið hausnum við steininn og látið sig hafa það þó allir væru að tapa á veiðunum.“

Ljóstýran í rökkrinu er þó að verð fyrir þorskinn hafa aðeins verið að taka við sér. „Það gildir sérstaklega um stóra þorskinn. Fiskur yfir átta kílóa þyngd, svokallaður „átta plús“ hefur verið að fara á svona um 400 kallinn á kílóið. Maður hefur verið að reyna að sækja í hann þrátt fyrir að það þýði kannski færri kíló á hvern bala. Það skilar sér samt þegar verðin eru svona fyrir stóra þorskinn.“

Fjölbreyttur fiskafli nýdreginn úr sjó um borð í Sverri SH.

Sverrir SH 126 í Ólafsvíkurhöfn.

Heilt yfir segir formaður Snæfells þó að margir séu orðnir svekktir vegna þess að rekstrargrundvöllur útgerðanna hafi snarlega versnað síðustu misserin. „Það eru mörg dæmi um það að menn hafi hætt útgerð á síðasliðnu ári þó það hafi ekki gerst hjá okkur á svæði Snæfells. En menn eru mikið að ræða að þeir séu að gefast upp á þessu.“

Kallar eftir lækkun veiðigjalda

Nú liggur fyrir nýtt veiðigjaldafrumvarp sem sjávarútvegsráðherra mælti fyrir á dögunum á Alþingi. Frumvarpið er nú í meðförum þingsins og verður afgreitt sem ný lög um veiðigjöld fyrir áramót. Hvað telur formaður Snæfells að yrði ásættanleg niðurstaða fyrir útgerðir smábáta?

„Það sem ég er að vona er að það verði gert eitthvað í að koma til móts við litlar og meðalstórar útgerðir til lækkunar í álagningu veiðigjalda. Gerist það ekki með einhverju sérstöku ákvæði í lögunum þá er ég að vona að þessi svokallaði „persónuafsláttur“ veiðigjaldanna verði hækkaður og það mjög ríflega. Hann þyrfti að fara í 50 til 60 prósent af fyrstu fjórum milljónunum sem reiknast álögð veiðigjöld. Það myndi koma strandveiðiflotanum mjög vel sem og mörgum þessum minni krókabátaútgerðum sem eru að kikna undan veiðigjöldunum í dag.“

Vongóður um lausn

Aðspurður segist Örvar hafa rætt þessi mál bæði við Lilju Rafney Magnúsdóttur stjórnarþingmann úr röðum Vinstri grænna og Kristján Þór Júlíusson sjávarútvegsráðherra.

Lilja Rafney er þingmaður Norðvesturkjördæmis. Hún er formaður atvinnuveganefndar þingsins en sú nefnd hefur veiðigjaldafrumvarpið nú til meðhöndlunar. „Lilja Rafney virðist sýna þessum sjónarmiðum sem ég nefndi áðan skilning, en það á eftir koma í ljós hve langt það nær.“

Varðandi afstöðu sjávarútvegsráðherra sýnist Örvari sem Kristján Þór Júlíusson sé ekki vera mjög hrifinn af hugmyndum um einhverjar sérstakar útfærslur fyrir litlar og meðalstórar útgerðir. „Mér finnst þó af samtölum við hann að ráðherrann sé ekki endilega fráhverfur því að skoða þetta með aukinn „persónuafslátt“ fyrir minni útgerðir. Kannski mætti lenda hlutunum þar. Ég er allavega vongóður um slíkt.“

Ítarlegt viðtal við Lilju Rafney í Öldunni

Í síðasta tölublaði sjávarútvegsblaðsins Öldunnar er ítarlegt opnuviðtal við Lilju Rafney Magnúsdóttur 3. þingmann Norðvesturkjördæmis (VG) og formanns atvinnuveganefndar Alþingis. Viðtalið er um nýja veiðigjaldafrumvarpið. Þar segir Lilja Rafney meðal annars um hugsanlega lækkun veiðigjalda hjá smærri útgerðum:

„Ég get alveg tekið undir að ég hefði viljað sjá meira tillit tekið til þeirra [minni útgerðanna], og þá með einhvers konar þrepaskiptu veiðigjaldi og auknum „persónuafslætti.“ Þetta hefur verið skoðað. Það mætti til dæmis beita svona afslætti með einhvers konar þrepaskiptingu. Í dag er þessi afsláttur á veiðigjöldum ekki hár, er tuttugu prósent af fyrstu fjórum og hálfri milljóninni og síðan 15 prósent af næstu fjórum og hálfri milljón. Þetta gildir um alla, bæði stóra jafnt sem smáa. Fyrir þessa stóru er þetta náttúrulega bara dropi í hafið en þetta skiptir máli fyrir hina minni. Mér finnst það mætti til dæmis skoða að svona afsláttur fari ekki upp alla línuna frá hinum minstu til hinna stærstu, heldur að það verði fundin einhver stærðarmörk sem miða vegi við hvað varðar afslátt á veiðigjöldum þar sem hinir minni yrðu látnir njóta slíks. Ég held að það sé áhugi fyrir því innan atvinnuveganefndar þingsins að skoða þessi mál með þeim augum.“

Lilja Rafney hefur síðan lýst því yfir að hún styðji ekki veiðigjaldafrumvarpið nema gerðar verði á því breytingar til lækkunar veiðigjalda á litlar og meðalstórar útgerðir.

Sjávarútvegsblaðið Aldan er gefið út af útgáfunni Fótspor sem einnig gefur út Vesturland. Lesa má Ölduna og þar með viðtalið við Lilju Rafney ókeypis á vefnum fotstpor.is.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi

Laust er starf byggingar- og skipulagsfulltrúa í Kjósarhreppi. Leitað er eftir öflugun og hæfum einstaklingi sem hefur áhuga á starfi á þessu sviði. Um er að ræða hlutastarf.

Starfsmaðurinn fer með framkvæmd byggingar- og skipulagsskipulagsmála samkvæmt lögum og sinnir verkefnum í samstarfi við skipulags- og byggingarnefnd sveitarfélagsins sem starfar í umboði hreppsnefndar ásamt því að vinna náið með oddvita/sveitarstjóra.

Helstu verkefni:
- Móttaka skipulags- og byggingarerinda
- Undirbúningur og eftirfylgni funda skipulagsnefndar
- Úttektir, mælingar og vettvangsathuganir
- Útgáfa byggingarleyfa, framkvæmdaleyfa og stöðuleyfa.
- Umsagnir vegna útgáfu rekstrar og/eða starfsleyfa
- Yfirferð uppdrátta
- Skráning fasteigna og stofnun lóða.
- Umsjón með skjalavistun er varðar skipulags og byggingarmál og tryggja virkni gæðakerfis byggingarfulltrúa.

Menntunar- og hæfniskröfur:
- Umsækjendur skulu fullnægja menntunar- og hæfniskröfum 7. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 25. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.
- Þekking og reynsla af skipulags- og byggingarmálum ásamt opinberri stjórnsýslu er æskileg.
- Mikilvægt er að umsækjandi hafi iðnmenntun í byggingariðnaði sem bakgrunn.
- Góðir samskiptahæfileikar eru nauðsynlegir.
- Skipulögð og fagleg vinnubrögð.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið. Laun og önnur starfskjör eru samningsatriði.

Nánari upplýsingar veitir oddviti í síma 566 7100. Umsóknir ásamt fylgigögnum skal senda á netfangið: oddviti@kjos.is.

Umsóknarfrestur er til 5. nóvember.

Fulltrúi Íslands í nýrri bók um sjómennsku og sjávarfang



Kápa og innsíður bókarinnar sem sýna myndir úr róðri sem sem höfundur fór með Sverri SH frá Ólafsvík. Mynd: @thecaptainsdinner.

Mynd af vígalegum Örvari Má Marteinssyni skipstjóra sem er í bókinni „Captain's Dinner." Mynd: @thecaptainsdinner.

Örvar Már Marteinsson kemur fyrir í nýrri bók sem gefin hefur verið út á alþjóðlegum markaði.

Bókin ber titilinn „Captain´s Dinner." Hún er eftir Paul Pflüger. Höfundur fór á sjó með fiskimönnum frá 27 löndum í Evrópu og tók af þeim myndir við störf þeirra á hafinu. Hann fékk einnig uppskriftir að uppáhalds sjávarréttum þeirra. „Paul Pflüger fór með okkur í róður og ég lét hann hafa uppskrift að plokkfiski og fiski steiktum í raspi," segir Örvar Már.

Bókina „Captain's Dinner" má skoða nánar og kaupa á amazon.com. Myndir sem hér fylgja eru birtar með góðfúslegu leyfi höfundarins Paul Pflügers.

et EHF. VERSLUN

Frábært úrval díóðu (LED) vörubíla og kerruljósa á góðu verði

Klettagörðum 11 • 104 Reykjavík

S: 5682130 • Fax: 5680844 • www.et.is

Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is

LOÐNUVEIÐIBANN AÐ ÓBREYTTU Á VETRI KOMANDA

Frysting loðnuhrogna hefur verið stunduð á Akranesi.

Dagana 6.– 27. september síðastliðinn leituðu rannsóknaskipin Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundson auk norska uppsjávarveiðiskipsins Eros að loðnu á landgrunninu við Austur Grænland frá um 75°00'N og suðvestur með landgrunnskanti Grænlands allt suður fyrir Hvarf. Einnig var leitað í Grænlandssundi, Íslandshafi og á hafsvæðinu vestan Jan Mayen og á Norðurmiðum.

Loðna fannst víða en oftast afar dreifð. „Ungloðna, sem myndar hrygningar- og veiðistofninn á vertíðinni 2019/2020, var vestast og sunnantil á svæðinu en eldri loðna var mest áberandi út af Vestfjörðum og norður með landgrunni Grænlands. Útbreiðsla loðnu var mjög vestlæg, líkt og verið hefur undanfarin ár. Þó var hærra hlutfall loðnunar út af Vestfjörðum en verið hefur síðastliðin ár en jafnframt fannst kynþroska loðna nær Grænlandi en áður hefur sést í sambærilegum leiðöngrum," segir í tilkynningu frá Hafrannsóknastofnun.

Reynt var að meta heildarmagn loðnu á þessum geysivíðfeðmu hafsvæðum. Niðurstöður mælinga gáfu til kynna að mælst hefðu 337 þúsund tonn. Af því var stærð veiðistofns næstu vertíðar 2018/2019 metinn um 238 þúsund tonn. Þetta er svo lítið að Hafrannsóknastofnun leggur nú til að loðnuveiðar verði bannaðar í vetur.

Huggun er þó harmi gegn að Hafrannsóknastofnun mun mæla veiðistofn loðnunnar að strax á nýju ári í janúar/febrúar 2019. Finnist meira af loðnu þá má vænta þess að ráðgjöfin verði endurskoðuð. Þannig verði, ef meira mælist af loðnu, leyfðar veiðar á þeim tíma þegar verðmæti loðnunnar er mest er hún gefur af sér afurðir í frystingu og hrognatöku.



Kortið sýnir flekki með útbreiðslu loðnunnar samkvæmt mælingum. Rautt sýnir mesta þéttleikann.

KEF GUESTHOUSE

Ertu á leiðinni til útlanda og ætlar að geyma bílinn þinn uppi á flugvelli? Veistu að fyrir tvær vikur borgar þú 15.400 kr.

Með því að bóka herbergi hjá Kef Guesthouse er **innifalið í verðinu geymsla á bílnum, skutl til og frá flugvelli og morgunmatur**. Frá október og fram í maí eru tveggja manna herbergin hjá okkur á 12.500 kr.

Hafðu samband í síma **588 9999** og bókaðu þína nótt.

3M | PELTOR™

3M™ PELTOR™ WS™ ALERT™ XPI

TENGDU 2 SÍMA VIÐ HEYRNARHLÍFINA

Heyrnarhlíf með Bluetooth® MultiPoint. Samskiptamöguleiki við 2 síma, FM útvarpi og umhverfishljóðnema. Þú getur hlustað á tónlist og tekið við símtölum í mjög hávaðasömu umhverfi þar sem míkrafónnin í heyrnarhlífin útilokar allan umhverfishávaða.

Kemi ehf | Tunguhálsi 10 | Sími 415 4000 | kemi@kemi.is | www.kemi.is

kemi

Ný bók - Landnámssögur við þjóðveginn:

FERÐ UM SLÓÐIR LANDNÁMSMANNA HVALFJARÐAR



Kápa bókarinnar.

Jón R. Hjálmarsson sagnfræðingur og fv. Skólastjóri og fræðslustjóri hefur sent frá sér bókina „Landnámssögur við þjóðveginn.“ Þetta er vegahandbók með nýstárlegu sniði en byggð á fornum fræðum. Í bókinni fer Jón með lesandann hringinn um landið og rekur um leið sögur af landnámsmönnum staða sem birtast á leiðinni eftir því sem lesa má um í Landnámu. Hér er kafli úr bókinni þar sem farið eru Hvalfjörð og sagt frá þeim Þóri í Hvammi, Þorsteini í Múla og Ávangi í Botni:

Það er fljótfarið eftir hringveginum austur frá Reykjavík og fyrr en varir höldum við fyrir Kollafjörð og förum síðan út eftir Kjalarnesi, undir bröttum hlíðum Esjunnar. Margt ber fyrir augu á þessari leið, en það sem mesta athygli vekur er þó öðru fremur Snæfellsjökull sem lyftir sér yfir hafflötinn í mikilli fjarlægð í norðvestri. En við höldum áfram, þar til við nálgumst Hvalfjarðargöngin sem tekin voru í notkun 1998 og styttu hringveginn, svo að um munaði. Skammt fyrir ofan gangaopið beygjum við til hægri af þjóðleiðinni og förum síðan eftir gamla veginum sem liggur umhverfis hinn 30 km langa Hvalfjörð. Landslagið er undurfagurt á þessum slóðum.

Leiðin liggur fyrst um sveit þá sem kallast Kjós og þar förum við yfir hina fengsælu Laxá í Kjós. Síðan förum við út fyrir Háls og komum þá í Hvammsvík. Upp frá víkinni stendur bærinn Hvammur og fyrsti bóndinn þar hét Þórir. Í Landnámabók er hann kenndur við bæ sinn og þar segir frá honum og deilum hans við Ref bónda á þessa leið:

Hvamm-Þórir nam land milli Laxár og Fossár og bjó í Hvammi. Hann deildi við Ref hinn gamla um kú þá er Brynja hét. Við hana er Brynjudalur kenndur. Hún gekk þar úti með fjóra tugi nauta og voru þau öll frá henni komin. Þeir Refur og Þórir börðust hjá Þórishólum. Þar féll Þórir og átta menn hans.

Horft austur til Brynjudals og Botssúlna úr sunnanverðu Þyrilsnesi eða Dögurðarnesi eins og það hét fyrrum.

Frá Hvammi höldum við áfram inn með Hvalfirði. Á leið okkar kveður mikið að fjallinu Þyrli, handan fjarðar. Einnig verður okkur tíðlitið til Geirshólma sem þarna rís hömrum girtur úr sænum vestan Þyrilsness. Kemur þá Harðar saga og Hólmverja upp í hugann sem og frásögnin af konu Harðar, Helgu jarlsdóttur frá Gautalandi, en hún synti til lands með drengina sína tvo, eftir að Hörður og menn hans höfðu verið sviknir og drepnir. Hvalfjörður klofnar innst um Múlafjall. Sunnan fjallsins heitir Brynjudalsvogur og upp frá honum gengur hinn grösugi og fagri Brynjudalur. Þangað höldum við til að líta söguslóðir Þorsteins Sölmundssonar sem þar nam land í öndverðu og bjó trúlega í Múla. Þorsteinn var sonursonur Þórólfs, eins af skipverjum Hrafna-Flóka, þegar hann sigldi fyrst til Íslands. Þegar þeir félagar komu aftur til Noregs eftir misheppnaða landnámstilraun lét Hrafna-Flóki afar illa af landinu og af félögum hans taldi Herjólfur á því bæði kost og löst, en Þórólfur sagði þar drjúpa smjör af hverju strái. Fyrir það var hann nefndur Þórólfur smjör. Ekki er óhugsandi að sögur afa hans um mikla landkosti á Íslandi hafi orðið Þorsteini hvatning til að sigla hingað og setjast að, en frá þessum landnema segir svo:

Þórólfur smjör sem fyrr var getið var sonur Þorsteins skrofa Grímssonar, þess er blótaður var dauður fyrir þokkasæld og kallaður kamban. Sonur Þórólfs smjörs var Sölmundur, faðir Þorsteins þess er nam land milli Botnsár og Fossár og Brynjudal allan. Hann átti Þorbjörgu kötlu, dóttur Helga skarfs, Geirleifssonar, er nam Barðaströnd. Þeirra sonur var Refur hinn gamli er bjó í Múla í Brynjudal, faðir Halldóru er átti Sigfús Ellíðason Grímsson. Þeirra dóttir var Þorgerður, móðir Sigfúsar, föður Sæmundar prests hins fróða.

Við höldum ferðinni áfram frá Brynjudal og sveigjum þá fram fyrir Múlafjall og inn fyrir Botnsvog. Þá opnast fyrir okkur hinn undurfagri og skógi vaxni Botnsdalur. Upp frá dalnum eru há og mikil fjöll, þar sem mest kveður að Hvalfelli og Botssúlum. Austan Hvalfells er hið 160 m djúpa Hvalvatn, sem er annað dýpsta stöðuvatn landsins eftir Öskjuvatn. Úr Hvalvatni fellur Botnsá í miklu gljúfri niður í dalinn. Í Botnsá er fossinn Glynur sem er 198 m hár og þar með langhæsti foss landsins. Fyrsti landnámsmaðurinn í Botnsdal hét Ávangur og var hann ættaður frá Írlandi og bjó í Botni. Þótt enn sé víða fagur birkiskógur í Botnsdal, þá munu samt skógartrén þar hafa verið stærri og öflugri á landnámsöld, því að Ávangur þessi smíðaði sér haffært skip úr heimafengnum trjáviði. Frá þessu segir svo í Landnámabók:

Maður hét Ávangur, írskur að kyni. Hann byggði fyrst í Botni. Þar var þá svo stór skógur að hann gerði þar af hafskip og hlóð þar sem nú heitir Hlaðhamar (við fjörðinn). Hans sonur var Þorleifur, faðir Þuríðar er átti Þormóður Þjóstarsson á Álftanesi og Iðunnar Molda-Gnúpsdóttur (í Grindavík). Sonur Þormóðs var Börkur, faðir Þórðar, föður Auðunar í Brautarholti.

Þá hefur verið sagt frá þremur landnámsmönnum við Hvalfjörð. Vel mætti líka bæta þeim fjórða við, en sá nefndist Kolgrímur hinn gamli og nam land frá Botnsá að Kalmansá og bjó á Ferstiklu. Ekki þarf að efa að vel hefur farið um þessa landnema í Hvalfirði, því að þar hefur verið og er nokkru leyti enn mikil gróðursæld ,fugl og fiskur auk þess sem náttúrfegurð er óvíða meiri en þar.



Kort af Hvalfirði sem sýnir hvar hinir fornu landnámsmenn bjuggu.

Sturtuveisla!

Rúnnaðir sturtuklefar úr hertu öryggisgleri. Rennihurðir með 16 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu. Heill panel fyrir blöndunartæki og sturtustangarsett. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás fylgir.

Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.

Verðdæmi
Stærð 80x80 cm
64.900

Rúnnaðir sturtuklefar úr hertu öryggisgleri. Rennihurðir með 16 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu. Heill hornlisti. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás. Sturtustangasett fylgir.

Stærðir
80 x 80 cm.
90 x 90 cm.

Verðdæmi
Stærð 80x80 cm
49.900

Vandaðir sturtuklefar úr hertu öryggisgleri. Rennihurðir með 16 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu. Heill hornlisti. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás. Einnig fylgir sturtustangasett.

Stærðir
70 x 90 cm.

Verð
Stærð 70x90 cm
73.900

Sturtuklefi úr öryggisgleri með hvítu gleri í baki. Rennihurð með 8 stillanlegum hjólum sem auðvelt er að losa til að einfalda hreingerningu. Heill glerpanel fyrir blöndunartæki og sturtustangarsett. Sjampóhilla fylgir. Sturtubotn með lausri svuntu og vatnslás.

Stærð
90 x 90 cm.

Verð
Stærð 90x90 cm
83.900

Gæði, úrval
& gott verð

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 til 15
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI

westfalia
AUTOMOTIVE

DRÁTTARBEISLI

Hágæða beisli, föst eða losanleg, fyrir flestar gerðir fólksbíla og jeppa. Upplýsingar um verð og tímapantanir hjá söluaðilum um land allt.

Söluaðilar Motormax:

MotorMax

Motormax ehf.
Vatnagarðar 12
Sími: 545 4040

Toyota Kauptúni
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
603 Akureyri
Sími 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
260 Reykjanesbær
Sími 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
800 Selfossi
Sími 480-8000

TOPPBÍLAR
Kletthálsi 2
110 Reykjavík
Sími 587-2000

Kaupfélag Skagfirðinga
Ártorgi 1
550 Sauðárkrókur
Sími 455-4500

VESTURLAND

11. tölublað
7. árgangur

Auglýsingar: Sími 578 1190 og auglysingar@fotspor.is **Ritstjórn:** Sími 864 5585 og magnushafsteins@simnet.is

Ný frímerki tengd Vesturlandi

Háskólinn á Bifröst 100 ára.

Öld er síðan Akranestraktornum var beitt á Skipaskaga.

Pósturinn hefur gefið út ný frímerki sem tengjast tímamótum í sögu Vesturlands og þjóðarinnar. Það eru merki vegna 100 ára afmælis Háskólans á Bifröst og síðan er önnur útgáfa þar sem öld er síðan fyrsta dráttarvél landsins var gangsett á Akranesi.

Háskólinn á Bifröst á upphaf sitt að rekja til Samvinnuskólans sem var stofaður 1918 í Reykjavík. Árið 1955 flutti skólinn að Bifröst í Borgarfirði. Nemendafjöldi skólans hefur vaxið hratt á síðustu árum. Á vorönn 2018 voru um 470 nemendur skráðir í skólann. Skólinn skiptist nú í fimm námsdeildir: viðskiptadeild, lagadeild, félagsvísindadeild, frumgreinadeild og símenntunardeild. Fímerkið sýnir gamla hluta skólabygginga á Bifröst.

Þann 12. ágúst 1918 kom fyrsti traktorinn til landsins. Það varð upphaf vélvæðingar í íslenskum landbúnaði. Kaupendurnir voru þeir Þórður Ásmundsson kaupmaður og útgerðarmaður og Bjarni Ólafsson skipstjóri, búsettir á Akranesi. Dráttarvélin sem gekk undir nafninu Akranestraktorinn, var af Avery-gerð, með 16 hestafla olíuvél, um 2,5 tonn að þyngd, 1,5 m breið og 3,5 m löng. Vélin dró 3 plóga en í þeirra stað mátti láta hana draga ýmiskonar verkfæri en einnig vél til þess að taka upp kartöflur. Vélinni var nefnilega ætlað að notast við kartöflurækt, en þær höfðu verið ræktaðar um langan aldur á Akranesi. Myndin á frímerkinu er af traktornum í notkun við Elínarhöfða á Akranesi.

VILTU AUGLÝSA Í BLAÐINU VESTURLAND?
Auglýsingasíminn er 578 1190